

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 4. gr. bætist nýr stafliður er verði stafliður e. og orðist svo:

- e. Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) skulu merkt E, O í lyfjaverðskrá og greiðast samkv. ákvæðum 3. gr., enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af trúnaðarlækni samlags. Sé lyfjaskírteini ekki fyrir hendi tekur samlag ekki þátt í greiðslu lyfsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 43. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 300.

18. júní 1981.

GJALDSKRÁ

fyrir heyrnarmælingar Heyrnar- og talmeínastöðvar Íslands á vinnustöðum.

1. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarmælingu á vinnustöðum, sem unnin er á vegum Heyrnar- og talmeínastöðvar Íslands, skal vera kr. 42.

2. gr.

Heyrnar- og talmeínastöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

3. gr.

Framangreind gjaldtaka, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeínastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. júlí 1981 að telja.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. júní 1981.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.